

Félagshesthús hestamannafélaga

Félagshesthús í hestamannafélagi er ætlað börnum og unglingum sem að eru að stíga sín fyrstu skref í hestaíþróttum. Félagshesthúsin bjóða upp á leigu á aðstöðu og pláss og afnot af hesti ásamt reiðtygjum fyrir þá sem ekki eiga hest. Einnig er boðið upp á pláss fyrir þá sem eiga hest eða hafa aðgang að hesti og reiðtygjum, en vantar aðstöðu og utanumhald. Undanfarin ár hafa fjögur hestamannafélög verið með starfrækt félagshesthús. Það eru hestamannafélögin Fákur, Sörli, Sprettur og Hornfirðingur. Í félagshesthúsunum kynnast börn og unglingar almennri reiðmennsku, daglegum störfum í kringum hesta og fleira sem tilheyrir hestamennsku.

Tilgangur félagshesthúsa er að auðvelda börnum og unglingum aðgengi að hestum og þátttöku í hestaíþróttum með það að **markmiði** að auka nýliðun og kynna þeim heim hestaíþróttarinnar.

Þekking og færni sem fæst með þátttöku barna og unglunga í félagshesthúsum er margþætt.

- Ábyrgð, umgengi og umönnun
- Leiðtogahlutverk
- Útivera og hreyfing
- Að mynda tengsl við aðra einstaklinga og dýr.
- Líkamstjáning

Form og fyrirkomulag félagshesthúsa er misjafnt milli félaga og því er rekstur félagshesthúsa einnig misjafn og á hvern kostnaður fellur. Hér fyrir neðan er samantekt á tilfallandi kostnaði, tekjum og svo vinnuframlagi, ásamt stuttri samantekt á fyrirkomulagi félagshesthúsa hjá Sörli, Fákí og Spretti.

Tekjur sem koma inn á móti:

- Þátttökugjöld knapa
- Styrkir frá fyrirtækjum/einstaklingum
- Styrkir frá Sveitarfélagi
- Styrkur frá hestamannafélagi

Vinnuframlag:

- Hestamannafélagið /framkvæmdastjóri eða annar aðili
- Umsjónarmenn og/eða reiðkennarar
- Foreldrar/forráðamenn og knapar
- Aðrir aðilar t.d dýralæknar, járnungamenn, morgungjafar.
- Sveitarfélag: Möguleiki á sumrin að fá unglunga sem eru í unglungavinnu hjá sveitarfélaginu til aðstoðar.
(Unglingar sem hafa þekkingu/reynslu af hestum).

Hestamannafélagið Sörli

Félagafjöldi 860 manns.

Hestamannafélagið sjálft er rekstaraðili félagshesthúsins sem hefur verið starfrækt síðastliðin tvö ár og er starfsemin í gangi á sama tíma og skólaárið. Stefnt er að því að hafa starfsemina á heilsársgrunni. Starfsemin er auglýst í upphafi hvers tímabils á heimasíðu Sörla og er öllum frjálst að sækja um. Félagsgjöldin eru frí fyrir 18 ára og yngri og við skráningu verða allir umsækjendur sjálfkrafa félagsmenn Sörla. Á hverju ári sækja 4-5 nýir einstaklingar sem eru að byrja í hestamennsku um aðstöðu í félagshesthúsi Sörla

Börn og unglingar sem sækja um aðstöðu í hesthúsinu sækja ýmist um aðstöðu og afnot af hesti eða eingöngu aðstöðu en koma með eigin hest. Kostnaður er 32.500kr á mánuði fyrir aðstöðu með eigin hest og aðstöðu með afnot af hesti. Hægt er að nota frístundarstyrk allt að 50.000kr á ári til að greiða hluta af kostnaði.



LANGAR BARNIÐ PITT AÐ KYNNAST HESTUM OG FARA Á HESTBAK EÐA VANTAR ÞAÐ HESTHÚSPLÁSS?

Nú gefst barninu þínu einstakt tækifæri til að kynna ævintýraheimi íslenska hestsins.

Hestamannafélagið Sörli býður nú börnum og unglingum á aldrinum 10-18 ára aðstoð við að stiga sín fyrstu spor í hestamennsku. Í þessum tilgangi hefur Sörli tekið á leigu glæsilega aðstöðu á félagssvæði Sörla í Hafnarfirði. Aðstaðan verður í boði bæði fyrir þau börn sem eiga hest og vantar pláss og þau sem langar að annast um hest og fara á bak en eiga ekki hest.

Sörli áformar að í hesthúsinu verða hestar til afnota fyrir börn og hafa gjöldin fyrir hvert pláss á niðurgreiddu verði. Talmarkaður fjöldi hesthúsplássa í boði.

Fyrir frekari upplýsingar sendið fyrirspurnir á sorli@sorli.is

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SÖRLI
ÍÞRÓTT • LÍFSSTÍLL

Innifalið í verði á aðstöðu er:

Pláss/eigin hestur:

- ✓ Hey/annað fóður
- ✓ Morgungjöf
- ✓ Spænir
- ✓ Utanumhald/aðstoð
- ✓ Járning
- ✓ Tilsögn frá leiðbeinenda 2x í viku í 2 klst.
- ✓ Frjálst að fara á bak hvenær sem er

Pláss/og hestur:

- ✓ Hestur
- ✓ Reiðtygji
- ✓ Hey/annað fóður
- ✓ Morgungjöf
- ✓ Spænir
- ✓ Dýralæknakostnaður
- ✓ Utanumhald/aðstoð
- ✓ Tilsögn frá leiðbeinenda 2x í viku í 2 klst .
- ✓ Járning

Allir koma með eigin hjálm og brynju en félagið útvegar endurskinsvesti fyrir alla. Til að halda kostnaði í lágmarki var stofnað stuðningsmannateymi í kringum reksturinn. Teymið vinnur sjálfböðavinnu og eru félagar úr hestamannafélaginu Sörli. Þeir sjá um ýmis verkefni svo sem járnningar og önnur tilfallandi störf sem þarf að leysa. Að auki hafa einstaklingar og fyrirræki styrkt félagshesthúsin fjárhagslega til að lágmarka kostnað.

Fjöldi barna/unglinga er breytilegur milli ára en hefur verið í kringum 25-30 og fer sífellt stækkandi. Þegar mest hefur verið var fjöldinn 42. Aldursbilið eru einstaklingar á aldrinum 10-

18 ára. Börnunum/unglingunum er getuskipt í þrjá hópa, pollar, minna vanir, meira vanir. Námskeið með leiðbeinendum eru alla virka daga nema föstudaga þá fá hestarnir frí. Hver hópur er 2x í viku í 2 klst undir leiðsögn en pollahópurinn er 1x í viku á sunnudögum. Opið hús er á laugardögum 4 klst í senn þar sem hægt er að koma og kemma hestunum, spjalla sama, spila eða glugga í hestabækur. Eldri og reyndari krökkunum býðst svo að mæta á sunnudögum að hjálpa yngstu krökkunum (pollahópnum) á sínum æfingum og það er mjög vinsælt. Eldri krökkunum finnst mjög skemmtilegt að hjálpa þeim yngri og miðla af þeirri reynslu og þekkingu sem þau hafa fengið í starfinu, og þeim yngri finnst mjög gaman að fá eldri krakkana til að hjálpa sér. Þeir sem eiga eigin hest og leigja aðstöðu er heimilt að koma og fara á hvaða tíma sem þeim hentar en almennt á að vera komin ró í húsið kl 19:00.

Umsjónarmenn eru tveir sem sjá um daglegan rekstur, allt utanumhald og samskipti við börn/unglinga og foreldra. Annar umsjónarmaður er með þjálfararéttindi LH og báðar hafa þær tileinkað sér þekkingu bæði í gegnum knapamerkin og reiðmanninn. Þeirra hlutverk er að leiðbeina, þjálfar og kynna þeim fyrir flest öllu sem viðkemur hestaíþróttinni. Til dæmis keppni, þátttöku í félagsstörfum, sýningum og öðrum viðburðum.

Þátttaka foreldra byggist að lágmarki á vinnuframlagi eina helgi á önn. Þá mæta foreldrar með börnum sínum í hesthúsið á laugardegi og saman sjá þau um húsið, setja út og gefa kvöldgjöf. Yfirleitt eru tvær fjölskyldur saman við þetta (og oft reyna þá vinir að skrá sig á sama dag). Stundum óska fjölskyldurnar eftir því að taka auka daga yfir önnina því mörgum finnst þetta mjög skemmtilegt. Til dæmis hafa foreldrar fjölmennt til að horfa á og hjálpa til yfir hátíðar eins og jólin. Foreldrum er þó frjálst að taka eins mikinn þátt og þau mögulega geta og vilja alla daga með börnum sínum og eru hvött til að taka þátt í viðburðum og skemmtanahaldi hjá félaginu.

Til að tengja saman hópinn er haldin facebook síða þar sem umsjónarmenn, foreldrar og börn/unglingar geta átt samskipti og skipst á upplýsingum. Umsjónarmenn félagshesthúsins leggja áherslu á að virkja börnin í starfi félagsins en þau eru gríðarlega áhugasöm og dugleg að sækja viðburði sem eru í boði á vegum æskulýðsnefndar félagsins. Eins hafa nokkur þeirra boðið sig fram í vinnuhóp til að hjálpa til við undirbúning og skipulag viðburða eins og t.d folaldasýningu, Grímutölt Sörla, árshátíð, félagsreiðtúra, litlu jólin og fleira.

Í þessu eins og annarri starfsemi þar sem börn eiga í hlut er farið eftir ákveðnu vinnuferli. Unnið er eftir stefnu Íþróttasambands Íslands (ÍSí). Einstaklingar sem eru þátttakendur í starfsemi

félagshesthúsa Sörla eru á ábyrgð foreldra og lagt er til að þau séu tryggð í gegnum tryggingar foreldra, t.d frístundatryggingu.

Hestamannafélagið Fákur

Félagafjöldi 1.869 manns.

Hestamannafélagið Fákur hefur verið með starfsemi félagshesthúsa síðastliðin 5 ár. Starfsemin er í gangi frá miðjum nóvember og fram á sumar og er auglýst í upphafi hvers tímabils á heimasíðu Fáks þar sem öllum frjálst að sækja um. Félagsgjöldin eru frí fyrir 18 ára og yngri og við skráningu verða umsækjendur sjálfkrafa félagsmenn Fáks. Á hverju ári sækja 4-6 nýir einstaklingar um aðstöðu í Fákí sem eru að byrja í hestamennsku.

Í Fákí eru boðið upp á aðstöðu fyrir þá sem eru með eigin hest. Fákur býður upp á að aðstoða við að útveiga hest þeim sem ekki hafa afnot að hesti. Kostnaður er 22.500kr fyrir aðstöðu á mánuði.

Innfalið í verði á aðstöðu er:

Pláss /eigin hestur:

- ✓ Hey
- ✓ Morgungjafir
- ✓ Spænir
- ✓ Utanumhald/aðstoð
- ✓ Frjálst að fara á bak hvenær sem er
- ✓ Snarl þegar það er hópefli



Fastur kostnaður eins og dýralæknakostnaður, járningar, kennsla, reiðtygi og hjálmur eru ekki innfalið í verði.

Fjöldi barna/unglinga er breytilegur milli ára en hefur sífellt farið stækkandi og hefur verið allt frá 14-40 einstaklingar á aldursbilinu 9-21árs. Í ár eru þau 22 talsins þar af er rúmlega helmingur þeirra með sinn eigin hest, aðrir hafa fengið afnot af hesti. Í daglegri umhirðu sér hver einn alveg um sinn hest, setur út og moka. Kvöldgjöfum er skipt niður á foreldra og börn þar sem blandað er reyndari einstaklingum með þeim sem eru minna vanir. Lögð er áhersla á að foreldrar séu virkir með börnum sínum og er þátttaka foreldra vinnuframlag í kvöldgjöfum 6x í viku.

Börnum og unglingum í félagshesthúsinu er frjálst að skrá sig á öll námskeið sem félagið býður upp á. Flest sækja þau námskeið hjá hestaíþróttaklúbbnum Fákar og fjör.

Frá upphafi hefur umsjónaraðili félagshesthúsins verið menntaður reiðkennari frá Hólaskóla. Núverandi umsjónarmaður er fyrrum íþróttakennari og dómari í hestaíþróttum. Hann fylgist vel með hrossunum og hópnum, aðstoðar og er til staðar. Til að tengja saman hópinn og skiptast á upplýsingum er þátttakendum boðið í hóp á facebook þar sem umsjónarmaður, foreldrar og börn/unglingar geta átt samskipti. Í þessu eins og annarri starfsemi þar sem börn eiga í hlut er farið eftir ákveðnu vinnuferli. Unnið er eftir stefnu Íþróttasambands Íslands (ÍSí). Einstaklingar sem eru þátttakendur í starfsemi félagshesthúsa Fáks eru á ábyrgð foreldra og lagt er til að þau séu tryggð í gegnum tryggingar foreldra.

Hestamannafélagið Sprettur

Félagafjöldi 1.650 manns.

Hestamannafélagið sjálft er rekstaraðili félagshesthúsins sem hefur verið starfrækt síðastliðin 3-4 ár og er starfsemin í gangi á sama tíma og skólaárið. Starfsemin er auglýst í upphafi hvers tímabils á heimasíðu Sprettis og er öllum á aldrinum 12-20 ára frjálst að skrá sig. Skráning í félagið er frí fyrir 18 ára og yngri. Við skráningu verða umsækjendur sjálfkrafa félagsmenn. Á hverju ári sækja 1-3 nýir einstaklingar um aðstöðu í Spretti sem eru að byrja í hestamennsku.



Börn og unglingar sem sækja um að komast að í Félagshesthúsinu sækja ýmist um aðstöðu og afnot af hesti eða aðstöðu fyrir eigin hest. Kostnaður er 20.000kr á mánuði á mánuði. Hægt er að nota frístundastyrk að upphæð 50.000kr á ári til að greiða hluta af kostnaði.

Innifalið í verði á aðstöðu er;

Pláss/eigin hestur:

- ✓ Hey
- ✓ Morgugjöf
- ✓ Spænir
- ✓ Utanumhald/aðstoð
- ✓ Frjálst að fara á bak hvenær sem er

Pláss og hestur:

- ✓ Hestur
- ✓ Reiðtyggi
- ✓ Hey
- ✓ Morgugjöf
- ✓ Spænir
- ✓ Utanumhald/aðstoð
- ✓ Frjálst að fara á bak hvenær sem er

Fastur kostnaður eins og dýralæknakostnaður, járnningar eða annar kosnaður t.d kennsla og hjálmur eru ekki innifalið í verði.

Fjöldi barna/unglinga hefur verið breytilegur milli ára en er í kringum 5 einstaklingar á aldrinum 12-20 ára. Í daglegri umhirðu sér hver og einn alveg um sinn hest, setur út og moka. Kvöldgjöfum er skipt niður á foreldra og börn en þátttaka foreldra er vinnuframlag í kvöldgjöfum.

Sprettur hefur tekið þátt í verkefni sem Kópavogsbær stendur fyrir og kallast TUFF. TUFF er fyrir öll börn, en lögð er sérstök áhersla á að hjálpa börnum sem hafa sökum félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna ekki tækifæri til þess að taka þátt í íþróttum eða tómstundum. Markmiðið er að tryggja með markvissum hætti að öll börn og unglingar séu hvött til þátttöku í íþróttum og tómstundum, óháð bakgrunni, uppruna, félagslegum eða efnahagslegum aðstæðum. Í gegnum TUFF er möguleiki á að prófa sig áfram í þeirri íþrótt sem valið er í þrjú mánuði þeim að kostnaðarlausu. Þetta verkefni hefur skilað inn 2-3 einstaklingum í félagshesthúsið.

Einn umsjónarmaður, menntaður til tveggja ára frá Háskólanum á Hólum, sér um daglegan rekstur, allt utanumhald og samskipti við börn og foreldra. Þrisvar í viku er umsjónarmaður með viðverutíma frá kl 17-20, á þeim tíma er hægt að fá aðstoð og leiðsögn. Einstaklingar sem eru þátttakendur í starfsemi félagshesthúsa Sprettu eru á ábyrgð foreldra og lagt er til að þau séu tryggð í gegnum tryggingar foreldra, t.d frístundatryggingu.

Hestamannafélagið Hornfirðingur

Félagafjöldi 161 manns, þar af 50 börn og unglingar.

Félagssvæði Hestamannafélagsins Hornfirðings er staðsett að Fornustekjum í Nesjum c.a 8 km frá Höfn. Þar er Reiðhöll samtengd 20 hesta félagshesthúsi. Hesthúsið og reiðhöllin er nýtt bæði fyrir börn og unglina í félagshesthúsi og einnig sem leiguaðstaða fyrir félagsmenn og hófst starfsemi í byrjun nóvember 2019.

Börn og unglingar sem sækja um að komast að í Félagshesthúsinu sækja um aðstöðu fyrir eigin hest. Kostnaður er 22.000kr á mánuði. Hornfirðingur niðurgreiðir mánaðargjald á stíum um 50% fyrir börn og unglina.

Innifalið í verði á aðstöðu er;

Pláss/eigin hestur:

- ✓ Hey
- ✓ Morgugjöf
- ✓ Spænir
- ✓ Utanumhald/aðstoð
- ✓ Frjálst að fara á bak hvenær sem er

Fastur kostnaður eins og dýralæknakostnaður og járnningar eru ekki innifalið í verði.

Í daglegri umhirðu sér hver og einn alveg um sinn hest, setur út og moka. Foreldrar eru mikið með krökkunum til aðstoðar, að auki eru reyndari félagsmenn duglegir að aðstoða. Umsjónarmaður gefur morgungjafir og er kvöldgjöfum skipt á milli félaga 1 viku í senn. Æskulýðsnefndin hefur verið öflug að vera með viðburði og verkefni á árinu þar sem þátttaka félagsmanna hefur verið mikil og mikil ánægja með.

Drög liggja fyrir að samningi við sveitafélagið Hornafjörð (SVH). Samningnum er ætlað að efla samstarf sveitarfélags Hornafjarðar og hestamannafélag Hornafjarðar (HH) við að tryggja fjölbreytt og gott íþrótt- og forvarnastarf. Í starfi sínu tekur HH m.a. mið af æskulýðslögum, íþróttalögum, barnaverndarlögum og stefnu SVH í íþrótt-, æskulýðs- og tómstundamálum. HH skuldbindur sig til þess að kynna sér og vinna eftir viðbragðsáætlun. Þjálfarar og annað starfsfólk HH hverju sinni sem starfa með börnum og unglingum sækja námskeið um barnavernd sem sveitarfélagið skipuleggur þeim að kostnaðarlausu.

Samantekt

Starfsemi félagshesthúsa hefur sýnt fram á að hún eykur nýliðun í hestaíþróttum sem er gríðarlega mikilvæg fyrir hestaíþróttina. Mörg af þeim börnum og unglingum sem hafa byrjað hestamennsku í félagshesthúsunum skila sér sem félagsmenn síðar út í félögin, ýmist með einn eða fleiri hesta, í sumum tilvikum fylgir jafnvel öll fjölskyldan með í kjölfarið.

Fyrirkomulag á starfsemi og verð er misjafnt á milli félaga. Hér fyrir neðan er hægt að sjá samantekt á verði milli félaga og það sem er innifalið í því.

	Sörli	Fákur	Sprettur	Hornfirðingur
Verð á mánuði	32.500	22.500	20.000	22.000
Leiga á hesti	já	nei	nei	nei
Eigin hestur	já	já	ja	já
Hey	já	já	já	já
Spænir	já	já	já	já
Morgungjafir	já	já	ja	já
Reiðtygi	já	nei	já	nei
Umsjónarmaður	já	já	já	já
Kennsla/tilsögn	já	nei	já	nei
Járningar	já /nei	nei	nei	nei
Dýralæknir	já /nei	nei	nei	nei

Stærsta áskorun félaganna virðist vera hár kostnaður við rekstur og að halda þátttökugjöldum í eins miklu lágmarki og kostur er. Félögin þurfa að treysta á styrki frá t.d fyrirtækjum, sveitarfélagi og/eða vinnuframlagi frá einstaklingum. Hér fyrir neðan eru þrjú dæmi um áætlaðan rekstur félagshúsa. Fyrsta dæmið sýnir rekstur á 25 plássum frá desember til júlí, þar sem félagið er með aðstöðu í eigin húsnæði.

	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	Samtals
Rekstur félagshesthúss									2020
Tekjur af rekstri hesthúss									
Hesthúisleiga	180.000	495.000	495.000	495.000	495.000	495.000	270.000		2.925.000
Aðrar tekjur vegna Hesthúsa									
Tekjur vegna félagsheshúss alls	180.000	495.000	495.000	495.000	495.000	495.000	270.000	-	2.925.000
Kostnaður við rekstur félagshesthúss									
Umsjónarmaður	75.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000		975.000
Vatns og fráveitugjöld				20.700	20.700	20.700	20.700	20.700	103.500
Rafmagn	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	80.000
Heitt vatn	14.000	14.000	14.000	14.000	14.000	14.000	14.000	10.000	104.000
Hey	80.000	150.000	150.000	150.000	150.000	150.000	80.000		910.000
Spænir	70.000	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000	40.000		610.000
Losun á taði	60.000	60.000	60.000	60.000	60.000	60.000	60.000		420.000
Förgunargjald Sorpu	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000		210.000
Kostnaður við rekstur hesthúsa alls	339.000	514.000	514.000	534.700	534.700	534.700	400.700	40.700	3.412.500
Hagnaður/tap af rekstri félagshesthúss	-159.000	-19.000	-19.000	-39.700	-39.700	-39.700	-130.700	-40.700	-487.500

Annað dæmið sýnir rekstur á 21 plássi frá september til mars þar sem félagið leigir aðstöðu í leiguhúsnæði.

Sundurlíðuð gjöld	Sept	Okt	Nóv	Des	Samtals	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Samtals
Leiga á hesthúsi	347.200	347.200	347.200	347.200		347.200	347.200	347.200	347.200	347.200	
Hestakerra og flutningar											
Lyklar, hnakkastatíf, skóflur og fl.						13.821					
Augl í Hafnirðing						32.141					
Sorpa								2125			
Dýralæknabjónusta + lyf		134.696	34.056	52.690		34.982	49.766	25.058			
Fóðurbætur, vítamín, nammi	34.864	15.192	13.153	35.400		53.108	44.995				
Spæni	88.104	91.884	139.264	74.650		114.230	123.646	123.396			
Morgungjöf	25.000	25.000	30.000	30.000		30.000	30.000	30.000			
Heyflutningur	7.000	95.000				117.800					
Heyrúllur				248.000							
Járningar - botnar, silicon, fjaðrir, skeifur	11.929		49.500	37.500			52.800	21.900			
Ikea, A4, kaffikostn. Lyklasmíði, bónus, Húsa,	36.563	32.416	3.995			1.098	2.809	3.834			
Söðlaverkstæði											
Losun á gámi			24.800			24.800	24.800	24.800			
Útgjöld	550.660	741.388	641.968	825.440	2.759.456	769.180	676.016	578.313			2.023.509
Æfingagjöld/tekjur	683.750	700.000	651.250	618.750	2.653.750	391.250	471.250	471.250			1.333.750

Þriðja dæmið sýnir rekstur á 20 hesta húsi frá nóvember til júní. Hesthús og reiðhöll er samtengd og nýtt bæði sem félagshesthús og leigupláss fyrir félagsmenn. Átta pláss eru nýtt í börn og unglinga í félagshesthúsi en restin fyrir aðra félagsmenn. Hestamannafélagið auglýsti eftir styrkjum frá fyrirtækjum á móti niðurgreiðslu félagsins á stúum fyrir börn og unglinga og hefur eitt fyrirtæki tekið þátt í því. Reiðhöllin er í eigu sveitarfélags Hornarfjarðar en félagið greiðir allan rekstur af höllinni og fær afnot hallarinnar uppfært sem styrk frá sveitarfélaginu með því að fá allar tekjur sem koma af notkun hennar sem tengjast hestamennsku.

	Nóvember	Desember	janúar	febrúar	mars	aprill	maí	Júní		
Tekjur										
Tekjur/stiuleiga/fullorðnir/M.Hey og spæni	144000	384000	384000	384000	384000	384000	384000	70000	2518000	
Tekjur/stiuleiga/18 til 21/M.Hey og spæni	24000	52000	52000	52000	52000	52000	52000	12000	348000	
Tekjur/stiuleiga/17 ára og yngri.M hey/spæni	72000	122000	122000	122000	122000	122000	122000	60000	864000	
Tekjur Reiðhöll									337000	
Tekjur Félagsheimili									20000	
Félagsgjöld									600000	
Styrkur v/ stíu 17 ára og yngri		10000	10000	10000	10000	10000	10000		60000	
styrkur sveitafélagið Hornarfjörður									150000	
Lottotekjur									400000	
Gjöld									5297000	
Rekstrarkostnaður Hey/spæni	240000	240000	240000	240000	240000	240000	240000	142000	1606000	
Fasteignagjöld									230000	
Rafmagn									650000	
Tryggingar									120000	
Annar rekstrarkostnaður/viðhald									300000	
									2906000	
Rekstrartekjur									5297000	
Rekstrarkostnaður									2906000	
Afgangur fer til greiðslu á byggingakostnaði v/félagshesthús									2391000	

Í öllum tilvikum er vinnuframlag umsjónarmanna greitt með aðstöðu fyrir hross í húsinu.

Hjá þeim félögum þar sem áhugi, eftirspurn og aðsókn var mikil var komið til móts við það með því að skipta hverjum hesti niður á 2-3 börn. Þannig var hægt að fjölga einstaklingum og nýta aðstöðuna og hvern hest betur yfir vikuna. Taka skal fram að velferð hestsins var ávallt höfð í fyrirrúmi.

Í félagshesthúsi gefst börnum og unglungum sem ekki hafa neina tengingu í hestamennsku færi á að kynnast hestamennsku á réttum forsendum og kynnast öðrum einstaklingum á svipuðum aldri með sama áhugamál. Það eykur líkur á því að þau kjósi að halda áfram að stunda hestamennsku sem getur skilað sér tilbaka á margan hátt í félagið. Hafa þarf í huga að ekki er hægt að gera börn og unglunga ábyrga fyrir heilbrigði hestanna. Það kemur því í hlut umsjónarmanns/félagsins og/eða foreldra að vera ábyrg fyrir heilbrigði hestanna þegar um er að ræða heygjafir, járningar, dýralæknaaðstoð eða öðrum mikilvægum þáttum sem tilheyra dýrahaldi. Til að velferð hesta og einstaklinga sé tryggð er ákjósanlegast að umsjónarmenn séu annaðhvort með reiðkennararéttindi frá Hólaskóla, Þjálfararéttindi LH, eða mikla reynslu af starfi með börnum, hestum og umsjón með þeim.